

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK


Garðabær, 03. apríl 2019
2019030033/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (selveiðar), 645. mál

Vísað er til tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 15. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (selveiðar), 645. mál. Í frumvarpinu er lagt til að við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hljóðar svo: "Ráðherra getur með reglugerð sett reglur um selveiðar, m.a. um skráningu selveiða og að banna eða takmarka selveiðar á íslensku forráðasvæði ef það er talið nauðsynlegt að mati Hafrannsóknastofnunar".

Náttúrufræðistofnun tekur undir margt af því sem kemur fram í greinargerð með framangreindu frumvarpi s.s um ástand selastofna við landið og skort á löggjöf um seli almennt. Landselur og útselur eru báðir á válista Náttúrufræðistofnunar, <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/spendyr/valisti-spendyra>. Náttúrufræðistofnun hefur í mörg ár á ýmsum vettvangi lagt til að spendýr á Íslandi heyri undir einu og sömu löggjöfina, í það minnsta að sjávars pendýr falli undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Nú nýlega skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra samráðshóp um endurskoðun laga nr. 64/1994, en áður hafði ráðuneytið óskað eftir sjónarmiðum og tillögum Náttúrufræðistofnunar er varða endurskoðun á þeim lögum. Í svari Náttúrufræðistofnunar, sjá meðfylgjandi bréf dags. 5. mars sl., er m.a. lögð megináhersla á að löginn taki til sela og hvala eins og annarra spendýra og einnig að búsvæðavernd og hlunnindaveiðar lúti sömu kröfu um sjálfbærni og aðrar veiðar. Jafnframt segir í umsögninni: „Engin heildstæð lög eru til um vernd, veiðar og velferð sela og hvala. Ekki er gerð krafa um veiðikort við selveiðar eða menntun selveiðimanna. Veiðistjórnun á selum og skráning veiða er hverfandi og vernd selalátra fullnægir ekki kröfum alþjóðasamninga um friðuð svæði. Við endurskoðun lagaumhverfis sjávars pendýra verður að uppfylla þá alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar sem Ísland er aðili að. Beinast liggar við að fella ákvæði varðandi vernd, velferð og veiðar þessara stofna inn í ný villidýralög.“

Náttúrufræðistofnun þykir einnig tilefni til að minna á frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 frá 2012, 140. löggjafarþingi, þingskjal 712-466. mál. Frumvarpið náði ekki fram að ganga, en Náttúrufræðistofnun lætur hér fylgja umsögn stofnunarinnar um frumvarpið en í umsögninni kemur ýmislegt fram sem varðar forsögu málsins og stöðu sela í íslenskri löggjöf. Sjá meðfylgjandi bréf frá Náttúrufræðistofnun til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis



dags. 2. apríl 2012.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að bæta þurfi löggjöf um seli og reyndar einnig önnur sjávarspendýr og að setja þurfi laga- eða reglugerðarákvæði sem heimila að settar séu reglur um selveiðar, m.a. um skráningu selveiða og að banna eða takmarka selveiðar á íslensku forráðasvæði ef það er talið nauðsynlegt eins og lagt er til í innsendu frumvarpi. Á hinn bóginn, með tilvísun í það sem kemur fram hér að ofan, telur Náttúrufræðistofnun lög um lax- og silungsveiðar ekki réttan vettvang til þess. Málið er flóknara og snertir ýmsa fleti hvað varðar veiðar, vernd og velferð sela sem ná langt út fyrir lax- og silungsveiði og því eðlilegra að málefnið sé undir því ráðuneyti sem fer með málefni náttúruverndar þó vissulega sé ákveðin skörun við önnur ráðuneyti.

Náttúrufræðistofnun leggst gegn samþykkt þessa frumvarps, en hvetur til þess að selir falli undir lög nr. 64/1994, sbr. bréf stofnunarinnar til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 2. apríl 2012. Verði frumvarpið samþykkt leggur stofnunin til að á eftir orðinu *Hafnarfjallastofnunar* komi "..og Náttúrufræðistofnunar Íslands".

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðum. vistfræði- og ráðgjafardeildar

Meðf: Bréf til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 5. mars 2019. Bréf til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 2. apríl 2012.

